



Björk Baldvinsdóttir
Kristján Eldjárn Magnússon
Kleifakór 1
203 Kópavogur

Kópavogi, 22. mars 2021
1907192/305.03 BÓK

Tilkynning um auglýsingu á breyttu deiliskipulagi, send til lóðarhafa Kleifakórs 1-25.

Kleifakór 2-4. Íbúðakjarni fyrir fatlaða. Breytt deiliskipulag.

Athygli er vakin á að Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 9. mars 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Kleifakór 2-4. Í breytingunni felst að skipulagsmörk gildandi deiliskipulags Hörðuvalla (Vatnsenda) sem samþykkt var í bæjarráði 24. júlí 2003 víkka til norðausturs og að skilgreind verði ný lóð, Kleifakór 2-4 innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að lóðin verði 2.480 m² að flatarmáli og að á henni verði heimilt að reisa búsetukjarna með 7 minni íbúðum fyrir fatlaða og aðstöðu fyrir starfsfólk. Nýbyggingin verði allt að 600 m² að flatarmáli og á einni hæð. Þá er gert ráð fyrir 15 bílstæðum á austurhluta lóðarinnar.

Breytingin er kynnt samhliða tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 þar sem landnotkun á lóðinni er skilgreind sem íbúðabyggð.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsmenn skipulagsdeildar Umhverfissviðs á netfangið skipulag@kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 15.00 fimmtudaginn 6. maí 2021**.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fh. skipulagsfulltrúa

Berglind Kjartansd.
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Ritari skipulagsdeildar